

Sp.

414. Breytingartillögur

[144. mál]

við till. til þál. um tekjustofna handa þjóðkirkju Íslands og aðstoð ríkisins við kirkjubyggingar í landinu.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Í stað orðsins „þjóðkirkju“ og út setninguna komi svo hljóðandi: barnaheimilum og stofnunum fyrir vangefin börn og um aðstoð ríkisins við að byggja hús fyrir rekstur þessara stofnana. Þá skal og ríkisstjórn, þegar þessum þörfum hefur verið fullnægt, athuga um aðstoð ríkisins við kirkjubyggingar í landinu, ef það kemur í ljós við rannsókn, að kirkjur verði yfirleitt að tvísetja vegna aðsóknar, svo sem er með barnaskóla nú.

2. Fyrirsögn till. verði:

Tillaga til þingsályktunar um tekjustofna handa barnaheimilum og stofnunum fyrir vangefin börn o. fl.